

Náttúrustofa Austurlands

Gróðurfar á framkvæmdasvæðum vegna snjóflóðavarna í Bjólfinum á Seyðisfirði

Guðrún Á. Jónsdóttir

Júlí 1998

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Gagnasöfnun	3
3. Staðhættir og gróðurfar	4
4. Gróðurlendi	4
4.1. Við rætur Bjólfsins	4
4.2. Kálfabotn	5
4.3. Hjalli í 600- 650 m hæð (Brún)	5
4.4. Vegstæði á Bæjarbrún	5
4.5. Efnistökuastaðir í Strandartindi	6
5. Flóra	6
6. Niðurstöður	7
7. Heimildir	8

Töflur

Háplöntutegundir í Bjólfinum	9
Mosategundir í Bjólfinum	13
Háplöntur á vegstæði á Bæjarbrún	14
Háplöntutegundir á efnistökustöðum	16

Inngangur

Þessi úttekt á gróðurfari er gerð vegna vegna verkefnisins “Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Bjólfinur frumathugun”. Framkvæmdasýsla ríkisins fól Náttúrustofu Austurlands vorið 1997 að afla þeirra gagna sem á þarf að halda til að meta megi áhrif fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Bjólfinum á Seyðisfirði, á gróður. Verkfræðistofan hönnun og ráðgjöf á Reyðarfirði, fékk síðan það verkefni að taka saman skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna og var þá unnið í samráði við verkfræðistofuna.

Við upphaf vettvangsrannsókna vorið 1997 voru ýmis atriði óljós varðandi bæði hönnun mannvirkja og efnistöku vegna varnargarða. Vettvangsrannsóknir hafa því farið fram í áföngum eftir því sem línur hafa skýrst í stað þess að vera skipulagðar í einni heild og gætir þess e.t.v. nokkuð í þessari skýrslu.

Þar sem gróðurfar er ekki mjög fjölbreytt á svæði því sem fer undir varnargarða og önnur mannvirki var ekki talið nauðsynlegt að gera gróðurkort af svæðinu, en gróðurlendum var lýst og tegundir skráðar. Einnig er gróðri lýst á svæðum sem hugsanlega verður raskað vegna efnistöku eða vegagerðar. Leitast er við að gera grein fyrir gróðurfari og meta náttúruverndargildi þess.

2. Gagnasöfnun

Gróðurathugun var gerð á þeim svæðum sem fyrirhugað er að raska vegna byggingar snjóflóðavarna í Bjólfinum. Þessi svæði eru: 1. Við rætur Bjólfsins og í neðsta hluta hlíðarinnar frá efstu húsum og upp að klettabeltinu neðarlega í hlíðinni, frá Skaga og út fyrir farfuglaheimilið. Á þessu svæði er fyrirhugað að reisa varnargarða. Einnig var gróður skoðaður uppi á hjallanum ofan við núverandi grjótnámu ofan við kirkjugarðinn, en þar er mögulegur efnistökuastaður. 2. Kálfabotn, hér er átt við afmarkaðan gróðurbotn í skriðubrattri hlíð Bjólfsins, í um 450-550 m hæð. Þar verða hugsanlega reist stöðvirki. 3. Brún, hér er átt við hjalla í 600 – 650 m hæð í Bjólfinum undir fjallstoppinum. Þar er fyrirhugað að reisa varnargarð. 4. Vegstæði á Bæjarbrún vegna vegar frá þjóðvegi út á hjallann í 600 – 650 m hæð, vegna byggingar varnargarða þar. 5. Hugsanlegir efnistökuastaðir í Strandartindi út með strönd fjarðarins utan við gömlu sorpbrennsluna og áros við Hánefsstaði. Vettvangsrannsókn fór fram á svæðum 1-3 sumarið 1997 en vorið 1998 á svæðum 4 og 5.

Á rannsóknarsvæðunum sem hér hefur verið lýst var gerð tegundaskráning og helstu gróðurlendum lýst. Tegundalisti er ófullkomin frá efnistökuastaðum út með Strandartindi þar sem gróður var ekki fullspröttin þegar vettvangsrannsókn fór fram. Mosasýnum var safnað til greininga á rannsóknarstofu. Það skal tekið fram að söfnun mosasýna var ekki nægilega skipuleg til að gefa fullkomna mynd af mosaflóru svæðisins og ekki var safnað mosasýnum á þeim stöðum sem skoðaðir voru 1998. Gagnasöfnun fór fram 22. júní, 9. og 24. september 1997 og 26 maí og 6. júlí 1998. Bergþór Jóhannsson mosafraeðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands greindi mosategundir.

3. Staðhættir og gróðurfar

Hlíð Bjólfsins er afar brött en neðst í hlíðinni er klettabelti ofan við byggðina. Fyrir neðan klettabeltið (Neðstu kletta) er bratti minni en land hallar þó niður að byggðinni.

Þetta svæði er algróið. Mest ber á grasmóum neðan við klettabeltið en tún eru á svæðinu upp af Firði. Innan og ofan húsanna við Dalbakka er dálítið votlendi og lítil tjörn við gamla tóft en tún þar fyrir innan. Uppi á hjallanum fyrir ofan grjótnámuna er votlendi en grasmóar þar sem hærra stendur.

Kálfabotn er fremur grunn og mikið hallandi skál í 450 -550 m hæð uppi í hlíð Bjólfsins. Botninn er algróinn með lynggróður í skálarkantinum og neðan til í skálinni en meiri snjóðældasvipur er á gróðri í botni skálarinnar. Í kringum Kálfabotn eru brattar brekkur og talsvert grýtt. Móa- og melagróður er þar í gróðurtorfum.

Í 600 - 650 m hæð er breiður hjalli (Brún), með grýttum hólum eða grjóthrúgöldum og snjóðældagróðri á milli. Ofan til á hjallanum eru skriður og hallandi urðir. Á þúfum og börðum neðan til á svæðinu er fremur gisin móagróður. Fyrirhugað er að leggja veg frá þjóðvegi út Bæjarbrún og upp á þennan hjalla. Bæjarbrúnin er klettabelti sem liggur frá neðri Staf og út með Bjólfinum ofan við bæinn. Ofan við brúnina, utan í Bjólfinum eru fallegar og stóar mýrar, Haugsmýrar. Uppi á klettabrúninni er móagróður en mýradrög ná sumsstaðar fram á brúnina.

Neðst í hlíðum Strandartinds, út með firðinum að sunnanverðu eru uppgrónar skriður og skorningar. Allt svæðið er í nokkrum bratta, talsvert grýtt en gróið móagróðri milli urða. Margir skorningar bera merki um að fallið hafi þar aurskriður eða flóð sem rutt hafa fram grjóti, sumir eru nú þurrir en í öðrum renna lækir.

4. Gróðurlendi

4.1. Við rætur Bjólfsins

Grasmóar

Grasmói er fyrir ofan girðinguna upp af húsum við Gilsbakka og upp við klettabeltið ofan við túnin kringum Fjörð. Snarrótarpuntur, ilmreyr og vinglar eru áberandi neðst í grasmóunum og þursaskegg er ofar dregur. Mjög mikið er af snarrót í graslendinu ofan við blokkirnar við Gilsbakka. Dálítið ber á mosa á hæðum ásamt möðru, elftingu og ljónslappa. Brekkur upp undir klettunum eru sumsstaðar nokkuð grýttar en algrónar og vaxa þar tegundir eins og língresi, bláklukka, ljónslappi, klóelfting og fjalldalaffill.

Ofan við grjótnámuna er rakt graslendi. Reyrgresi vex á dálitlu svæði ofan við námuna. Annars eru tegundir eins og snarrótarpuntur, ilmreyr og vallhæra áberandi ásamt grávíði og blómjurtum. Graslendi með snarrót, ilmreyr og vallarsveifgrasi er við tóft þar fyrir ofan. Við brekkurætur inn með fjallinu eru uppgrónar smáskriður, fremur þurrar með nokkuð gróskumiklum grasmóa. Þursaskegg er þar áberandi, einnig ilmreyr, blávingull, ljónslappi og vallhumall.

Tún

Tún eru ofan við kirkjugarðinn og kringum Fjörð. Sum þessarar túna eru enn slegin, bæði ofan við kirkjugarðinn og upp af Firði. Önnur virðast vera notuð til beitar fyrir hross og e.t.v. annan búpening. Víða eru tóftir í gömlu túnunum upp af Firði. Einnig eru þar kartöflugarðar. Snarrót er allstaðar áberandi í túnunum og önnur grös eru algeng svo sem túnvingull, vallarsveifgras og língresi. Mikið er einnig af blómjurtum svo

sem sóleyjum, fíflum og maríustakk. Vallhæra og blettir af ilmreyr eru áberandi hér og þar í gömlum túnnum sem eru að komast í órækt.

Votlendi

Innan og ofan húsanna við Dalbakka er nokkuð flatt svæði en blautt á köflum. Svólítill tjörn við tóftir utan við blokkirnar. Þar vaxa m.a. tjarnarstör, klófífa, hófsóley, horblaðka og engjarós.

Mýraflákar eru inn með hlíðinni upp á hjallanum við grjótnámuna og breikkar votlendið innan við túnin. Þar vaxa starir m.a. hengistör, mýrarstör, vetrarkvíðastör, einnig klófífa og hálmgresi. Einnig eru jaðarsvæði með áberandi hrossanál og elftingu. Svæðið er greinilega nýtt til beitar.

Klettabeltið

Talsverður gróður er í hömrinum ofan við byggðina. Smáhríslur af reynivið eru á nokkrum stöðum í klettunum og birkihríslur finnast þar líka. Dálítið er af gráviði og bláberjalyngi og margar tegundir blómjurta og grasa svo sem: smjörgras, kattartunga, hvönn, blásveifgras, maríustakkur, ljónslappi, maríuvöttur og gullsteinbrjótur. Lúpína er á a.m.k. einum stað.

4.2. Kálfabotn

Í botninum er gróður með snjódældasvip og eru tegundir eins og ljónslappi maríustakkur, grasviðir, ilmreyr, stinnastör og kornsúra áberandi. Bláberjalyng, aðalbláberjalyng og blómgróður er neðan til og nær jaðri skálarinnar. Í botni skálarinnar ber gróður þess merki að snjór liggja enn lengur og fannst þar m.a. grámulla og skjaldburkni. Smá uppsprettur eru í botninum með tilheyrandi gróðri, mosa og steinbrjótum.

4.3. Hjalli í 600 – 650 m hæð (Brún)

Þar eru grýttir hólar eða grjóthrúgöld með snjódældagróðri á milli. Hélumosi (snjómosi) og fléttur eru talsvert áberandi. Á móapúfum neðan til á svæðinu er krækilyng, stinnastör og kræða, einnig dálítið af móasefi og holtasóley á börðum. Í dældum er grasviðir, grámulla og fjallasmári ásamt fléttum. Steinar nokkuð vaxnir svörtum mosa. Burkarnir skjaldburkni og tófugras vaxa einkum í brekkunni ofan við hjallann en skjaldburkninn fannst einnig í skorningi á hjallanum.

4.4. Vegstæði á Bæjarbrún

Á vegstæðinu á Bæjarbrún eru móar, klappir og mýrarsund. Haugsmýrar eru stórt votlendi ofan við brúnina. Þar eru hengistör, stinnastör og klófífa áberandi og einnig nokkrar breiður af tjarnastör. Neðst í mýrunum er nær dregur klettabrúninni er stinnastörin sérstaklega áberandi. Gróðurþekjan er ósamfelld á brúninni þar sem klappir standa víða upp úr, en einnig eru hálfgrónir melar og sumstaðar smá flög. Í mýrarsundum sem ganga fram á brúnina eru stinnastör, hengistör og klófífa aðaltegundir. Móarnir eru ýmist þurrir krækilyngs- og sauðamergsmóar eða rakari stinnastararmóar með grasviði. Bláberjalyng er í dældum og fjalldrapi hér og þar. Grasviðir og fleiri snjódælda tegundir eru víða áberandi í lautum.

4.5. Efnistökusvæði í Strandartindi

Helstu gróðurlendi, ofan við veginn þar sem efnistaka er fyrirhuguð, eru grasmóar, oft með talsverðum mosa og ívafi af krækilyngi. Bláberjalyng og aðalbláberjalyng er í dældum. Tegundir eins og vinglar, ilmreyr og hærur ásamt grasvíði, krækilyngi og grávíði sjást víðast.

5. Flóra

Alls fundust í þessari rannsókn samanlagt 129 tegundir háplantna og 36 tegundir mosa á athugunarsvæðum í Bjólfinum 1997. Eins og áður er getið er tegundalisti fyrir mosa ekki tæmandi. Leitað var í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir skráðum heimildum um fundarstaði háplantna á þessu svæði og var þannig hægt að bæta 1 tegund við með vissu. Alls hafa því með vissu fundist 130 tegundir háplantna úr íslensku flórunni í Bjólfinum. Auk þess fannst lúpína (*Lupinus nootkatensis*) á a.m.k. einum stað í Neðstu klettunum og slæðingar frá ræktun næst húsunum en þeir voru ekki skráðir sérstaklega.

Á neðsta svæðinu frá byggðinni og upp í klettabeltið fundust 87 tegundir háplantna og 14 tegundir mosa. Uppi á hjallanum ofan við grjótnámuna fundust 64 tegundir háplantna og 17 tegundir mosa. Í kálfabotni og allra næsta nágrenni fundust 63 tegundir háplantna og 9 tegundir mosa og á hjallanum í 600 – 650 m hæð fundust 62 tegundir háplantna og 8 tegundir mosa (1. og 2. tafla). Á fyrirhuguðu vegstæði frá þjóðvegi út á hjallann voru 82 tegundir háplantna skráðar (3. tafla) og 43 á efnistökusvæðum út með Strandartindi (4. tafla). Vegna þess hve seint voraði 1998 var ekki var hægt að gera fullkomna tegundaskráningu á efnistökusvæðum út með Strandartindi.

Nokkrar af þeim háplöntutegundum sem fundust eru fremur sjaldgæfar eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu. Þessar tegundir eru: Bláklukka, bergsteinbrjótur, gullsteinbrjótur, maríuvöttur og skjaldburkni. Skjaldburkni er bundinn við snjóþung svæði á landinu og bergsteinbrjótur er fremur fágætur en hefur þó fundist hér og þar um landið. Bláklukka, gullsteinbrjótur og maríuvöttur eru nokkuð algengar víða um Austurland. Fullvíst er að þessar tegundir vaxa víðar við Seyðisfjörð. Ekki fundust í þessari athugun friðlýstar tegundir eða tegundir sem eru það fágætar að þær hafi komist á válista. Vitað er að friðlýstu tegundirnar lyngbúi og súrsmæra hafa fundist við Seyðisfjörð en fundarstaðir þeirra (Ingólfur Davíðsson 1963, Gagnaskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu plantna) eru utan þeirra svæða sem áætlað er að raska vegna þessara mannvirkja.

Eins og getið hefur verið um var ekki hægt að gera fullkomna tegundaskráningu á fyrirhuguðum efnistökusvæðum út með Strandartindi. Ólíklegt að sjaldgæfar tegundir sé að finna neðarlega á þeim aurkeilum sem hugmyndin er að nýta til efnistöku þótt það verði ekki útilokað. Ef einhverjar slíkar tegundir eru á þessu svæði væri þeirra þó frekar að vænta upp undir klettabeltinu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu þegar vettvangsskoðun fór fram er ekki áætlað að efnistaka nái langt upp fyrir núverandi veg

6. Niðurstöður

Gróðurfar á neðsta svæðinu í Bjólfinum ber glögg merki um nálægðina við byggð. Mikið af svæðinu eru gömul tún og heimahagar og talsverður hluti svæðisins er raskað land. Utan túna eru grasmóar sem bera merki beitar. Ekki er um að ræða

sérstaklega mikla fjölbreytni gróðurlenda og tegundafjölbreytni er heldur ekki mjög mikil. Í sjálfum klettunum er snotur og nokkuð fjölbreyttur gróður. Ekki fundust nein sérstök gróðurfarsleg verðmæti á svæðinu umfram það sem fullgróið land er. Bygging varnargarða á þessu svæði mun valda mikilli röskun og hugsanlega eyðileggja alveg allt gróðurlendi neðan klettabeltisins. Huga mætti að því að nýta eftir megni íslenskar tegundir við uppgræðslu næst klettabeltinu til að sá gróður sem þar er fái áfram notið sín.

Á hjallanum ofan við grjótnámuna og uppi á svonefndum Skaga eru graslendi, grasmóar og votlendi. Svæðið má heita fullgróið og gróska er þar nokkur. Svæðið er greinilega nýtt sem beitiland. Ekki eru sérstæð gróðurlendi á svæðinu eða mjög mikil fjölbreytni gróðurlenda eða tegunda. Það er því ekki hægt að benda á sérstök gróðurfarsleg verðmæti önnur en að landið er þarna fullgróið. Ekki er ljóst þegar þessi skýrsla er skrifuð hvort efni í varnargarða verði tekið á þessu svæði.

Kálfabotn er algróinn og þar er gróður með snjóðældayfirbragði. Fjölbreytni tegunda er talsverð miðað við hversu lítið svæðið er og gróska meiri en í brekkunum í kring. Ekki er fullljóst hvert umfang rasks verður þar komi til mannvirkjagerðar.

Uppi á hjallanum í 600- 650 m hæð ber gróðurfarið svipmót háfjallagróðurs. Talsverður gróður er á öllum hjallanum miðað við hversu hátt svæðið liggur. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða neinar sérstakar gróðurvinjar á þessu svæði. Bygging varnargarðs þarna mun valda röskun á þeim gróðri sem þar er bæði móatorfum og sjóðældum.

Til að byggja varnargarð uppi á hjallanum í 600 –650 m hæð þarf að leggja veg á svæðið. Gert er ráð fyrir vegi sem liggja frá þjóðveginum í neðri Staf út eftir Bæjarbrún og upp á hjallann utan við Haugsmýrar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu er vettvangsathugun fór fram mun vegurinn liggja að mestu á klöppum, melum og mómum á brúninni og ekki skerða Haugsmýrar. Á klettabrúninni er móagróður ríkjandi en smá mýrdrög liggja fram á hana einkum utan til. Ekki er um sérstæð gróðurlendi að ræða í þessum mómum en fjölbreytni dálítill. Ekki fundust þar sjaldgæfar tegundir. Við lagningu vegar á brúninni ætti að vera hægt að komast að mestu hjá röskun á votlendinu sem er þar fyrir ofan. Vegurinn veldur þá fyrst og fremst röskun á móagróðri en að hluta liggur hann væntanlega eftir klöppum og melum.

Út með Strandartindi í sunnanverðum Seyðisfirði, utan við gömlu sorpbrennsluna er áætluð efnistaka í aurkeilum ofan við veginn. Helstu gróðurlendi sem gætu raskast þarna eru grasmóar og e.t.v stöku lyngdældir. Ekki er mikill breytileiki í gróðri á svæðinu heldur er hann fremur einsleitur en þó ögn gróskuminni er utar dregur með ströndinni. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða sérstæð gróðurlendi en gróður var ekki fullspröttinn á athugunartíma.

Við árósinum við Hánefstaði er mögulegur efnistöskustaður. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu við vettvangsskoðun verður mögulega tekið þar efni en í smáum stíl. Ekki er líklegt að gróður myndi skerðast nema af umferð vinnuvéla á árbakkanum en vegaslóð liggur niður að ánni. Þar er graslendi með vinglum, língresi og sveifgrasi. Bálilja, fjöruarfi og fleiri blómplöntur sáust austan við ána. Ekki fundust

þarna sérstæð gróðurlendi eða tegundir, en landið er nokkuð raskað innan við árósin þar sem áður var atvinnustarfsemi.

7. Heimildir

Bergþór Jóhannsson 1996a. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 29. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. 127 bls.

Bergþór Jóhannsson 1996b. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 31. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. 55 bls.

Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 34. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. 128 bls.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík. 304 bls.

Ingólfur Davíðsson 1963. Náttúrufræðingurinn 32, bls 143-144.

1. tafla. Háplöntutegundir í Bjólfinum. Rannsóknarsvæði 1 er við rætur Bjólfsins, 1A er milli byggðar og klettabeltis og 1B uppi á hjallanum ofan við grjótnámu. Rannsóknarsvæði 2 er Kálfabotn og brekkurnar næst botninum. Rannsóknarsvæði 3 er hjalli í 600-650 m hæð í Bjólfinum. x = tegund fundin á rannsóknarsvæðinu. * Heimild gagnasafn Náttúfræðistofnunar Íslands. Nafngiftir, Hörður Kristinsson (1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Rannsóknarsvæði			
		1A	1B	2	3
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	x		x	
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	x		x	
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>			x	x
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	x			
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	x	x	x	x
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>				x
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>		x		
Bergsteinbrjótur *	<i>Saxifraga paniculata</i>	x			
Birki	<i>Betula pubescens</i>	x			
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x	x	x	x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	x		x	
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>	x	x	x	x
Blákolla	<i>Prunella vulgaris</i>	x	x		
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	x			x
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>	x			
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x	x	x	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	x		x	x
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>		x		
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x	x	x	
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>	x	x	x	x
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	x		x	x
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>			x	
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	x	x		
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	x			
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>	x		x	x
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>			x	x
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>			x	x
Fjallapunktur	<i>Deschampsia alpina</i>				x
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>			x	x
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>			x	x
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>	x	x	x	
Fjallhæra	<i>Luzula arcuata</i>				x
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>		x		
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>		x		
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>				x
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	x			
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>			x	x

Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>			X	X
		Rannsóknarsvæði			
Íslenskt nafn	Latneskt nafn	1A	1B	2	3
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>	X	X	X	X
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	X		X	
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>	X			
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>	X		X	
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	X	X	X	
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	X	X		
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>				X
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	X			
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>	X	X	X	
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>		X		
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>		X		
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemanni</i>				X
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>		X		
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>		X		
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>			X	X
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	X			
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	X			
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>	X	X		
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	X	X		
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	X	X	X	X
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	X	X		
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	X	X	X	X
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>		X		
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	X	X	X	X
Jarðarber	<i>Fragaria vesca</i>	X			
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	X			
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	X	X	X	X
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	X	X		
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>			X	X
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X	X	X
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>	X			
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	X		X	X
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	X		X	X
Langkrækil	<i>Sagina saginoides</i>				X
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>	X	X	X	
Língresi	<i>Agrostis spp.</i>				X
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	X	X	X	X
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>				X
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	X	X		
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>				X
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	X	X		
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	X			
Lækjafrahyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>			X	X
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	X	X	X	X

		Rannsóknarsvæði			
Íslenskt nafn	Latneskt nafn	1A	1B	2	3
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>	x	x	x	
Maríuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>	x		x	x
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>				x
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	x	x		
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>				x
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>	x		x	x
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x		x	x
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	x		x	x
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	x	x		
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>		x		
Mýrasóley	<i>Parnasia palustris</i>		x		
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	x	x		
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	x	x		
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>	x	x		
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	x		x	x
Reyniviður	<i>Sorbus aucuparia</i>	x			
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>		x		
Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>				x
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	x			x
Skammkrækil	<i>Sagina procumbens</i>		x		
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	x	x	x	
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>			x	x
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	x	x		
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>			x	
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>	x			
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	x		x	x
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	x	x	x	
Sótstör	<i>Carex atrata</i>	x		x	x
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>	x			x
Stinnastör	<i>Carex bigelowi</i>	x		x	x
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>	x		x	
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>		x		
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	x	x		
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>			x	x
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	x			
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>	x	x	x	x
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	x		x	x
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	x	x	x	x
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>	x	x		
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>	x			
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	x	x		
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	x	x	x	x
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	x	x	x	
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	x	x	x	

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Rannsóknarsvæði			
		1A	1B	2	3
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>				x
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>		x		
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	x	x	x	x
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>				x
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>	x	x	x	

2. tafla. Mosategundir sem fundust í Bjólfinum 1997. Rannsóknarsvæði 1 er við rætur Bjólfsins, svæði 1A milli byggðar og klettabeltis og 1B er uppi á hjallanum ofan við grjótnámu. Rannsóknarsvæði 2 er Kálfabotn og brekkurnar næst botninum. Rannsóknarsvæði 3 er hjalli í 600-650 m hæð í Bjólfinum. x = tegundin fundin á rannsóknarsvæðinu. Ekki hafa allir mosar hlotið íslensk nöfn og er þeim því raðað eftir latnesku nafni. Íslensk nöfn, Begþór Jóhansson (1996a, 1996b, 1998).

Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Rannsóknarsvæði			
		1A	1B	2	3
<i>Anthelia spp.</i>	Héllumosi				x
<i>Andreaea rupestris Hedw.</i>	Holtasóti	x			
<i>Barbilophozia hatcheri (Evans) Loeske</i>		x	x	x	
<i>Bryum pseudotriquetrum (Hedw.) Gärtner et al.</i>	Kelduhnokki				
<i>Bryum weigeli Spreng.</i>	Dýjaahnokki		x		
<i>Calliergonella cuspidata (Hedw.) Loeske</i>	Geirfaxi	1	x		
<i>Calliergon giganteum (Schimp.) Kindb.</i>	Tjarnahrókur		x		
<i>Cephaloziella hampeana (Nees.) Schiffn.</i>		x			
<i>Climacium dendroides (Hedw.) Web. et Mohr</i>	Krónumosi		x		
<i>Dicranum scoparium Hedw.</i>	Móabrúskur	x			
<i>Drepanocladus orthothecioides (Lindb.) Roth</i>		x	x		
<i>Drepanocladus revolvens (Sw.) Warnst.</i>			x		
<i>Drepanocladus uncinatus (Hedw.) Warnst.</i>		x		x	x
<i>Hylocomium splendens (Hedw.) Schimp.</i>	Tildurmosi	x	x		
<i>Kiaeria falcata (Hedw.) I.Hag</i>	Lautabrúskur			x	
<i>Kiaeria starkei (Web. et Mohr) I.Hag.</i>	Dældabrúskur			x	x
<i>Lescuraea incurvata (Hedw.) Lawt.</i>	Urðaleskja				x
<i>Lescuraea radicata (Mitt.) Mönk.</i>	Lautaleskja				x
<i>Lophozia ventricosa (Dicks.) Dum.</i>			x	x	
<i>Philonotis fontana (Hedw.) Brid.</i>	Dýjahnappur				
<i>Plagiomnium elatum (Bruch et Schimp.) T.Kop.</i>	Deigluskæna		x		
<i>Pogonatum urnigerum (Hedw.) P. Beauv.</i>	Melhaddur	x			
<i>Pohlia ludwigii (Schwägr.) Broth.</i>	Lautaskart			x	
<i>Polytrichum juniperinum Hedw.</i>	Jarphaddur				x
<i>Polytrichum sexangulare Brid.</i>	Snæhaddur				x
<i>Pseudobryum cinclidioides (Hüb.) T.Kop.</i>	Hnökkaskæna		x	x	
<i>Ptilidium ciliare (L.) Hampe</i>		x			
<i>Racomitrium elongatum Frisv.</i>	Fjaðurgambri	x			
<i>Racomitrium ericoides (Brid.) Brid.</i>	Melagambri	x	x	x	x
<i>Racomitrium lanuginosum (Hedw.) Brid.</i>	Hraungambri			x	
<i>Rhizomnium magnifolium (Horik.) T.Kop.</i>	Lindaskæna		x		
<i>Rhytidiadelphus squarrosus (Hedw.) Warnst.</i>	Engjaskraut	x	x		
<i>Schistidium papillosum Culm.</i>		x			
<i>Sphagnum girgensohnii Russ.</i>	Grænburi		x		
<i>Sphagnum warnstorffii Russ.</i>	Rauðburi		x		
<i>Tomentypnum nitens (Hedw.) Loeske</i>	Lémosi		x		

3. tafla. Háplöntutegundir á vegstæði á Bæjarbrún. Nafngiftir, Hörður Kristinsson (1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>
Dúnurt	<i>Epilobium spp.</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullsteinbrjótur	<i>Saxifraga aizoides</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Língresi	<i>Agrostis spp.</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjafraehyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Maríuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrafinningur	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Rjúpustör	<i>Carex lachenalii</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowi</i>
Stjörnusteibrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Púfusteibrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>

4. tafla. Háplöntutegundir á efnistökuþöðum í Strandartindi. Athugið að vegna þess hve gróðurskoðun var gerð snemma vors er tegundalistinn ekki tæmandi.

Tegund einungis fundin við árósi við Hánefsstaði. Nafngiftir, Hörður Kristinsson (1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blálilja #	<i>Mertensia maritima</i>
Dúnurt	<i>Epilobium spp.</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjöruarfi #	<i>Honkenia peploides</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávorbólóm	<i>Draba incana</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðnablóm #	<i>Arabis alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowi</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra #	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp.</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>

Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>